

After finishing her diploma in singing and music education from Reykjavík Music School, **Jóhanna Halldórsdóttir** studied at the Staatliche Hochschule für Musik Trossingen in Germany concentrating on baroque and renaissance music. She has attended various courses and participated in masterclasses e.g. with Jill Feldmann, Rolf Lislevand, Lars Ulrik Mortensen and Richard Wistreich. Halldórsdóttir appears regularly with various German and Swiss music groups e.g. the *Lukas Barock Ensemble* in Stuttgart, *L'arpa Festante* in Munich and *Collegium Vokale* in Zürich and last year she was employed by the German renaissance music group *Penalosa Ensemble*. Halldórsdóttir appears with the parish church group *Rinascente* in Reykjavík.

German born **Heike ter Stal** studied the guitar and music pedagogy at the University of Music and Drama Hannover. With her increasing interest for historical string-instruments from the baroque and renaissance era she decided to enroll at the Staatliche Hochschule für Musik Trossingen, department of old music, where she studied the lute and teorba (chitarone) with professor Rolf Lislevand. Ter Stal appears with many of the most respected baroque and renaissance groups in Germany and is in great demand around Europe as a continuo player and soloist.

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir graduated from the Music School of Reykjavík in 2000 and then moved to Paris to study with Michel Strauss at the Conservatoire National de Région de Boulogne-Billancourt. From 2003 she has studied the baroque cello with Christoph Cion and Bruno Cocset at the Conservatoire National Supérieur de Musique de Paris as well as Gregorian singing and baroque dance. On the Continent she plays with groups performing music such as baroque and improvisation. She has appeared with the Iceland Symphony Orchestra, North Iceland Symphony Orchestra and the chamber group *Ísafold*, concentrating on contemporary music.

Guðrún Óskarsdóttir finished her piano teaching diploma from the Music School of Reykjavík and studied the harpsichord with Helga Ingólfssdóttir in Reykjavík, Annette Uittenbosch at Sweelinck Conservatorium in Amsterdam, Jesper Bøje Christensen at Scola cantorum in Basel and Françoise Langéll in Paris. Óskarsdóttir is very active as a baroque music soloist and appears with groups such as the *Caput* group and Skálholt's *Bach* group and she has recorded for many CDs. She has also worked with the Iceland Dance Company, the Icelandic Opera and the Iceland Symphony orchestra.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Netútgáfa

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Jóhanna Halldórsdóttir alt

Heike ter Stal teorba

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir barokkselló

Guðrún Óskarsdóttir semball



Priðjudaginn 16. ágúst 2005 kl. 20:30

Að loknu tónmenntakennaraprófi og söngprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík hélt **Jóhanna Halldórsdóttir** til Þýskalands og hóf nám við Tónlistarháskólann í Trossingen þar sem hún sérhæfði sig í flutningi á barokk og endurreisnartónlist. Jóhanna hefur tekið þátt í ýmsum námskeiðum hjá tónlistarmönnum á sviði barokk og endurreisnar, meðal þeirra eru Jill Feldmann, Rolf Lislevand, Lars Ulrik Mortenssen og Richard Wistreich. Jóhanna kemur reglulega fram með ýmsum tónlistarhópum í Þýskalandi og Sviss bæði sem einsöngvari og þátttakandi í kammertónlist. Hún hefur m. a. starfað með Lukas Barockensemble í Stuttgart, L'arpa Festante í München og Collegium Vokale í Zürich. Síðastliðið sumar var hún ráðin söngkona við þýska tónlistarhópinn *Penalosa Ensemble* sem sérhæfir sig í að flytja endurreisnartónlist. Jóhanna syngur með *Rinascence* hópnum sem starfar við Neskirkju í Reykjavík.

Heike ter Stal er fædd í Aachen í Þýskalandi. Hún fékk snemma mikinn áhuga á gítarleik og stundaði gítarnám og nám í tónlistarkennslufræðum við Tónlistarháskólann í Hannover. Að því námi loknu fór áhugi hennar á sögulegum strengja-hljóðfærum barokk- og endurreisnartímans sífellt vaxandi og árið 1996 hóf hún formlegt nám á lútu og teorba (chitarraone) við Alte Musik deild Tónlistarháskólans í Trossingen í Þýskalandi með prófessor Rolf Lislevand sem aðalkennara. Heike kemur reglulega fram með ýmsum af virtustu tónlistarhópum í Þýskalandi á sviði barokk- og endurreisnartónlistar og er eftirsóttur continuoleikari og einleikari víða um Evrópu.

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir hóf sellónám hjá Hauki Hannessyni. Hún lærði síðar hjá Gunnari Kvaran og lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2000. Þá hélt hún til náms í París hjá Michel Strauss við le Conservatoire National de Region de Boulogne-Billancourt. Frá haustinu 2003 hefur hún lagt stund á barokksellónám hjá Christoph Cion og Bruno Cocset við le Conservatoire National Supérieur de Musique de Paris, sem og kammertónlist, gregorsöng, barokkdans og sitthvað fleira. Ytra leikur hún með ýmsum hópum, sér í lagi barokk og spunatónlist. Hér heima hefur hún m.a. leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og leikur nú með kammersveitinni Ísafold.

Guðrún Óskarsdóttir lauk píanókenningarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og nam að því loknu semballeik hjá Helgu Ingólfssdóttur. Framhaldsnám stundaði hún hjá Annette Uittenbosch við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam, hjá Jesper Bøje Christensen við Scola Cantorum í Basel og hjá Francoise Langéll í París. Guðrún hefur leikið inn á hljómdiska og komið fram sem einleikari, meðleikari og þátttakandi í kammertónlist á fjölmörgum tónleikum á Íslandi og víða í Evrópu. Hún hefur unnið með Íslenska dansflokknum og hjá Íslensku Óperunni og spilar reglulega með Bach- sveitinni í Skálholti, Caput hópnum, Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Il Rosignolo - Næturgalinn

Francesco Gasparini	<i>Mio Fedel che voi da me</i> Söngles og aría úr kantötunni <i>Voi selve romite</i>
Alessandro Scarlatti	<i>Il Rosignolo</i> Kantata fyrir söngrodd og basso continuo
~	
Alessandro Piccinini	<i>Toccata</i>
Barbaro Strozzi	<i>Di mi dove sei?</i>
Alessandro Piccinini	<i>Corrente</i>
Girolamo Frescobaldi	<i>Se laura spira</i>
~	
Giulio Caccini	<i>Fortunato Augellino</i>
Alessandro Piccinini	<i>Partita variate</i>
~	
Girolamo Frescobaldi	<i>Canzonetta sesta per basso solo</i>
Maurizio Cazzati	<i>Quel core dove?</i> Kantata fyrir söngrodd og basso continuo
~	
Girolamo Frescobaldi	<i>Toccata prima</i>
Claudio Monteverdi	<i>Lamento d'Arianna</i>

Mio Fedel che voi da me

Ef ég hreyfi við trjúnum þá fljúga
miskunnsömu fuglarnir á brott.
En hví fæ ég ekki samúð með þeim sem
ég elska?
Kannski mun ástin ekkert færa mig nær
þessari dásamlegu fegurð.
En staðreyndin er sú að ég trúi ekki á
harmakvein ástarinnar.
Segðu mér, hvar er tryggðin sem þú hést
mér, spyr mín kæra?
Ég hét þér tryggð sem ég fæ ekki lengur
að gefa þér.
Og ég veit ekki lengur hvað ég vil.

Il Rosignolo Næturgalinn

Næturgalinn þráir frelsið.
Hann flýgur um og syngur.
En ef vel er hlustað þá má í söng hans
greina raunamæddan tón.
Hann hefur týnt ástinni sinni og þráir
ekkert heitar en að fá svolitla samúð
með erfiðum aðstæðum sínum.
Hann breiðir út vængi sína til móts við
sólarljósið, í fylgd sólargeislanna flýg-
ur hann að læknum sem þar rennur hjá.
Og það er við angurværan niðinn í lækn-
um sem hann loksins finnur frið.

Di mi dove sei?

Hvar ertu þú sem skildir eftir dýrmætan
gimstein í brjósti mínu og sendir birtu í
augu mín?
Viðskilnaðurinn er endanlegur. Ég veit
að ég get ekki farið með þér og ég finn
fyrir deyðandi sársauka því þú kemur
ekki aftur til mín og ég held för minni
áfram án þín.
Það er hugur minn sem talar, ást mín
sem talar til þín sem hjarta mitt þráir.

Se laura spira

Andvarinn ber með sér undursamlegan
ilm frá ferskum rósum.
Við skulum dansa, syngja og gleðjast.
Núna, mín kæra, höldum við í átt til
lindarinnar sem rennur úr fjallshlíðinni
og út í hið mikla haf. Fuglarnir syngja
og trén blómstra.
Við skulum dansa og gleðjast og hrekja
þannig burt alla grimma vinda.

Fortunato Augellino

Glaðlega syngur fuglinn á enginu, nótt
sem dag.
Ég syng bara dapra söngva um söknuð
og þrá.
En þegar ég er hjá ástinni minni syng ég
um augun fögru og eldinn í brjósti mér.

Quel core dove?

Hvar er þetta hjarta?
Aðra stundina stolt og heillað af fagurri
ásýnd, en hina stundina fjötrað og frið-
laust.
Hvar er þetta hjarta?
Þessir stríðandi augasteinar, þessir rjóðu
vangar sem bera með sér sjálfstraustið.
Ég finn fyrir veiklyndi mínu.
Sá sem er vitur hann veit að frá þessari
beittu ör berst yndislegur hljómur og
söngur og ég kikna í fótunum.
Ég get flúið þessi tvö lýsandi ljós.
Það verður erfitt, en ég verð.
Röddin sem hefur sest að í huga mér og
sem þrengir sér inn í brjóst mitt, hún
mun fjarlægjast.
Þið elskendur! Hvað segið þið um þetta?
Mun ástríðan tortíma okkur miskunnar-
laust?

Mun ég aldrei aftur finna frið í mínu
hjarta?
Hvar er eiginlega þetta hjarta?
Aðra stundina stolt og heillað af fagurri
ásýnd, en hina stundina fjötrað og
friðlaust.
Hvar er þetta hjarta?

Lamento d'Arianna

Ég vil deyja, leyfið mér að deyja.
Ekkert getur huggað mig í þessari
skelfilegu kvöl.
Ó, Teseo minn, já þú ert minn því þú
gafst mér hjarta þitt, þótt þú sért nú
farinn frá mér.
Snúðu aftur, minn kæri Teseo.
Ó, Teseo, snúðu aftur og sjáðu þá sem
þín vegna yfirgaf föðurland sitt og
konungsríki. Sem er nú hér á þessari
eyðiströnd og verður miskunnarlaus-
um rándýrum að bráð.
Ó, minn kæri Teseo, ef þú bara vissir
hvað hún þjáist, þín vesæla Arianna,
þá snerir þú við.
En þess í stað siglir þú þöndum seglum
frá landi en ég er ein eftir, harmi sleg-
in.
Aþena mun fagna þér, en ég er hér,
fæða rándýra, ein á fjarlægri eyju.
Foreldrar þínir taka á móti þér og vefja
þig örmum, en ég sé mína foreldra
aldrei aftur, ó, móðir mín, ó, faðir
minn.
Hvar er tryggðin sem þú hést mér?
Sendir þú mig á þennan hátt á vit
forfeðra minna?
Er þetta kórónan sem þú fegrar hadd
minn með?

Eru þetta gimsteinarnir og gullið sem
þú lofaðir mér - að skilja mig eftir hjá
rándýrum?

Ó, Teseo minn, ætlar þú að láta vesæla
Ariönnu deyja hér grátandi og hróp-
andi á hjálp?
Hún sem treysti þér og gaf þér líf sitt?
Hann svarar ekki. Harmakvein mín
gætu alveg eins verið þögul.
Óveður, stormar og öldur, sökkið hon-
um í djúpin. Hvalir og sjávarskrímsli,
yfirbugið hann og gleipið.
Ó, hvað er ég að segja?
Hvaða ráð brugga ég?
Ó mig auman hvað er ég að biðja um?

Ó, Teseo!
Það var ekki ég sjálf sem lét svo
grimmileg orð falla. Það var reiði mín,
það var sársauki minn.
Tunga mín talaði en hjarta mitt ekki.

Ó, vei, enn lifi ég í voninni.
Ástareldurinn slokknar ekki þrátt fyrir
þessi miskunnarlausu svik.
Ó, dauði, kom og slökk þessa órétt-
mætu loga.

Ó, móðir mín, ó, faðir minn, mitt gamla
konungsríki, háreistu hallir þar sem
gullin vagma mín stóð.

Ó, þjónar - ó, tryggu vinir
Lítið nú á mig og örlög mín. Sjáið
þennan sársauka sem ást mín og trú
hefur valdið.

Svona fer fyrir þeim sem elskar of
mikið og treystir í blindni.

Giulio Caccini (1545 – 1618), tónskáld og söngvari. Hann er talinn vera réttnefndur faðir *stile recitativo* eða sönglesstílsins. Meðal verka hans er óperan *Euridice* en merkasta verk hans er þó án efa *Le nuove musiche* (1602), safn laga fyrir söngrodd og continuo. Þar má jafnframt finna mikilvægar upplýsingar og leiðbeiningar um þá tækni sem nota skal við flutninginn, upplýsingar um skreytiaðferðir og túlkun. Caccini eignaðist tvær dætur, Francescu og Settimu, sem síðar urðu báðar söngkonur og mikils metin tónskáld.

Maurizio Cazzati (1620–1677) var organisti og tónlistarstjóri við Sant Andres í Mantua í Ferrara og síðar í Petronio í Bologna. Merkustu verk hans eru sönötur fyrir trompet og strengi. Cazzati samdi fyrst og fremst kirkjutónlist, messur, mótettur og oratoríur. Kantötur hans eru fremur einfaldar tónsmíðar en blæbrigðaríkar. Laglínur og hljómagangur er allur hógvæð og hann gefur sjaldan fyrirmæli um hraða eða styrkbreytingar. Verk Cazzatis eru sífellt að öðlast meiri vinsældir og virðingu í tónlistarheiminum í dag.

Claudio Monteverdi (1567 – 1643) var tónlistarstjóri við Markúsarkirkjuna í Feneyjum árið 1615. Af tónsmíðum hans ber fyrst og fremst að nefna óperurnar og eru *Orfeo* og *Krýning Poppeu* þeirra kunnastar. Áhrif hans á það tónlistarform sem síðar var nefnt barokk eru ómæld. Monteverdi er sannur meistari í hinum svo kallaða *stile recitativo* eða sönglesstíl. Textinn er mikilvægastur, honum ber að koma til skila. Ómstríður, endurtekin hröð nótnagildi, ör hljómaskipti eru meðal einkenna og styðja undir expressivan stílinn.

Francesco Gasparini (1668 – 1727), tónlistarkennari og tónskáld, samdi yfir 60 óperur og fjöldan allan af kirkjulegum verkum. Merkasta rit hans er án efa *L'armonico pratico al cimbalo* sem gefið var út árið 1708 og er nokkurs konar kennslubók í tölusettum bassa. Gasparini var áhrifamikill tónlistarkennari og meðal nemenda hans voru Domenico Scarlatti, sonur Alessandro Scarlatti.

Alessandro Scarlatti (1660 – 1725), tónskáld og fiðluleikari, fæddist á Sikiley en hóf feril sinn sem tónlistarkennari í Róm og Napolí. Hann er talinn vera upphafsmaður hinnar svo kölluðu *da capo* aríu. Hann samdi fjöldan allan af óperum, messum og sólókantötum. Haft er eftir honum: „*Tónlistin á að þjóna textanum og túlka hann vandlega eða auðga hann tilfinningalega.*“ Það er talið líklegt að Händel hafi sótt tíma til hans í Ítalíuför sinni 1706 – 1710.

Alessandro Piccinini (1566 – 1638), lútuleikari og tónskáld, fæddist í Bologna inn í stóra ætt lútuleikara. Árið 1582 hóf hann tónlistarstörf við hirðina í Mantúa. Piccinini gaf út tvö bindi tónverka fyrir lútu *Intavolatura di liuto, et di chitarrone* (1623) og *Intavolatura di liuto* (1639). Hann var mikill aðdáandi teorbunnar og er talinn hafa átt sinn þátt í þróun bassalúttunnar.

Barbara Strozzi (1619 – 1670), söngkona og eitt þekktasta kventónskáld barokktímans. Hún fæddist í Feneyjum, dóttir Giulio Strozzi sem var mikils metið ljóðskáld. Barbara Strozzi fékk mikla hvatningu og komst í tónlistarnám hjá Francesco Cavalli. Stærsti hluti tónverka hennar eru fyrir einsöngsrodd og continuo. Hún gaf öll sín verk út sjálf. Verk Barböru Strozzi gleymdust í háa herrans tíð, en nú hefur aftur vaknað áhugi á verkum hennar. Hún hélt fastar í eldri tónsmíðahefðir en samtímamenn hennar.

Girolamo Frescobaldi (1583 – 1643) var tónskáld og organisti, fyrst við *Accademia di Santa Cecilia* og síðar við Péturskirkjuna í Róm. Hann samdi fyrst og fremst verk fyrir sembal og orgel og hafði mikil áhrif á komandi kynslóðir orgel- og píanótónsmíða á Ítalíu og einnig í Þýskalandi. Það er talið víst að Johann Sebastian Bach hafi verið mikill aðdáandi Frescobaldi og orðið fyrir áhrifum af verkum hans.